

Tillaga frá meirihluta bæjarstjórnar um bókasafn Hveragerðisbæjar

Fulltrúar meirihluta bæjarstjórnar leggja til að að bókasafnsþjónusta verði aftur gjaldfrjáls fyrir íbúa 67 ára og eldri frá og með 3. júlí 2026.

Með samþykkt tillögunnar er verið að styrkja stöðu bókasafnsins sem einn af hornsteinum menningarlífs í Hveragerði og tryggja að eldri íbúar geti notið þjónustu þess án fjárhagslegra hindrana. Þetta er jákvætt skref í átt að samfélagi sem leggur áherslu á félagslega virkni og jöfn tækifæri fyrir alla íbúa.

Með því að gera bókasafnsþjónustu gjaldfrjálsa fyrir íbúa 67 ára og eldri er verið að senda skýr skilaboð um mikilvægi þess að tryggja öllum jafnt aðgengi að menningu og upplýsingum óháð aldri eða efnahag. Fyrir marga eldri íbúa er bókasafnið mikilvægur þáttur í daglegu lífi, hvort sem um er að ræða félagsleg samskipti, lestur bóka og tímarita eða þátttöku í viðburðum. Lagt er til að sviðsstjóra mennta-, menningar- og lýðheilsusviðs verði falið að vinna málið áfram í samstarfi við forstöðumann bókasafnsins og leggja fram kostnaðarmat fyrir bæjarráð.

Greinargerð

Tillagan er í samræmi við áherslur í málefnasamningi D- og S-lista þar sem lögð er áhersla á að efla bókasafnið sem lifandi menningar-, fræðslu- og samfélagsrými fyrir alla íbúa. Bókasafnið gegnir mikilvægu hlutverki sem vettvangur þekkingar, menningar og samskipta. Það er ekki aðeins safn þar sem hægt er að nálgast bækur og upplýsingar heldur einnig staður þar sem íbúar geta tekið þátt í fjölbreyttu menningarstarfi og notið samveru.

Á undanförunum árum hafa verið stigin jákvæð skref til að efla starfsemi safnsins og auka fjölbreytni í viðburðum og þjónustu. Markmið meirihlutans er að byggja áfram á þeim góða grunni sem fyrir er og styrkja enn frekar hlutverk bókasafnsins sem opins rýmis fyrir alla aldurshópa. Lestur og símenntun stuðla að vellíðan á efri árum enda hafa rannsóknir sýnt fram á mikilvægi þess að viðhalda sem lengst andlegri virkni og félagslegri þátttöku. Bókasöfn gegna þar stóru hlutverki með því að bjóða upp á fjölbreytta þjónustu sem eykur lífsgæði og stuðlar að virkri þátttöku í samfélaginu. Með auknu aðgengi að bókasafninu er jafnframt stuðlað að því að ná fram markmiðum um virka öldrun og bætta lýðheilsu.

Þá ber að líta til þess að mörg sveitarfélög hér á landi veita eldri borgurum gjaldfrjáls bókasafnskort sem lið í menningar- og velferðarstefnu sinni. Með þessari ákvörðun tekur Hveragerðisbær aftur upp fyrirkomulag sem áður var við lýði og samræmist vel þeirri sýn að bókasafnið sé þjónusta sem nýtist öllum íbúum. Tekjur Hveragerðisbæjar af bókasafns gjöldum aldrei eru takmarkaðar þegar litið er á heildarrekstur safnsins. Hins vegar er ávinningurinn af aukinni þátttöku eldra fólks í menningarlífi bæjarins mun meiri, bæði fyrir einstaklinga og allt bæjarfélagið.

Fyrir hönd meirihlutans

Ingimar Guðmundsson
María Rún Þorsteinsdóttir
Sigmar Karlsson
Þorsteinn Hjartarson